




Kópavogsbær

Kópavogsskóli, Digranesvegi 15.

Deiliskipulagslýsing.

Fyrir nýtt deiliskipulag Kópavogsskóla. Lýsing á skipulagsverkefni.

Lýsing unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013



Umhverfissvið
Skipulagsdeild
29. ágúst 2025
Málsnr. ONE: 25032174



Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
2.	Deiliskipulagssvæðið og afmörkun þess	1
3.	Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040	1
4.	Forsendur skipulagsáætlana	2
4.1.	Forsendur og markmið	2
4.2.	Forsendugreiningar	3
4.3.	Húsakönnun	3
4.4.	Tengsl við aðrar áætlanir	3
4.4.1.	Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040.	3
4.4.2.	Landsskipulagsstefna 2024-2038 og Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040.	3
4.4.3.	Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.	3
4.4.4.	Aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir	3
5.	Umhverfisáhrif áætlana	4
6.	Kynning og samráð	5
6.1.	Kynning lýsingar	5
6.2.	Samráðsaðilar	5
6.3.	Tímaáætlun	5
7.	Heimildir	6



1. Inngangur

Lögð er fram deiliskipulagslýsing sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir nýtt deiliskipulag Kópavogsskóla, Digranesvegi 15 en lóðin er á ódeiliskipulögðu svæði. Vegna fjölgunar grunnskólabarna í hverfum Kópavogs, í takt við fjölgun íbúða á svæðinu og endurnýjunar í skólahverfi Kópavogsskóla, er þörf á stækkun skólabygginga. Með deiliskipulagi þessu er verið að mæta aukinni þörf íbúa fyrir grunnskólaplássum í Kópavogi.

Kópavogsskóli er elstri grunnskóli Kópavogs. Núverandi skólabygging Kópavogsskóla var byggð í fjórum áföngum frá árinu 1949 til 1997 auk þess hafa færanlegar kennslustofur verið á lóðinni frá árinu 2019. Núverandi nemendafjöldi Kópavogsskóla er um 410 nemendur. Skólabyggingin rúmar um 300 nemendur og færanlegu kennslustofurnar um 110 nemendur. Skólabyggingin er því of lítil fyrir núverandi nemendafjölda. Í takt við skipulagsáætlanir um fjölgun íbúða í skólahverfi Kópavogsskóla er áætlað að skólinn þurfi að geta rúmað um 600 nemendur árið 2032. Áætlað er að núverandi skólabygging haldi sér að mestu og að skólinn verði stækkaður með viðbyggingum og fyrirhugaðri stækkun skólans geti nemendum fjölgað um 190.

Deiliskipulagslýsing þessi er verkáætlun fyrir mótun nýrrar deiliskipulagstillögu þar sem tildrögum og forsendum skipulagsgerðarinnar er lýst og áherslur Kópavogsbæjar og bæjarstjórnar dregnar fram.


2. Deiliskipulagssvæðið og afmörkun þess

Fyrirhugað deiliskipulagssvæði er við miðsvæði á Digranesi og er um 2,2 ha að flatarmáli. Svæðið afmarkast af skipulagsmörkum deiliskipulags miðbæjar Kópavogs reiti B1-1, B4, B2 og B1-3 til vesturs, skipulagsmörkum deiliskipulags leikskóla við Skólatröð og að lóðarmörkum Vallartraðar 2, 6, 8 og 10 ásamt lóðarmörkum Skólatraðar 1, 3, 5, 7, 9 og 11 til norðurs, skipulagsmörkum deiliskipulags Traðarreitar eystri til austurs og að lóðarmörkum Digranesvegar 15 til suðurs. Ekki er deiliskipulag í gildi fyrir lóð Kópavogsskóla.

3. Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040

Megin hluti fyrirhugaðs skipulagssvæðis er skilgreint í gildandi Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 sem samfélagsþjónustureitur (S-42). Landnotkun fyrir Vallartröð er skilgreind sem íbúðarbyggð (ÍB-2) og þróunarsvæði (PS-3) og bútur á norðvestur hluta svæðisins skilgreint sem íbúðabyggð (ÍB-2). Í aðalskipulagi segir að á reitnum sé Kópavogsskóli og að breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Fyrirhugað skipulagssvæði er á samgöngumiðuðu þróunarsvæði, svæði 1 og áhrifasvæði Borgarlínu, þar sem bíla- og hjólastæðið mið gilda. Viðmiðin má finna í kafla 2.2.2 og 2.2.3 um byggð í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040.

Í kafla 2 um byggð er fjallað um Digranes og Mannlífsásinn. Mannlífsásinn er samhangandi göngu- og hjólastígur sem fyrirhugað er að liggi í gegnum miðbæ Hamraborgar og tengir saman ólík svæði um austur- og vesturhluta Kópavogs. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að stígurinn verði norðan megin við Kópavogsskóla.



Mynd 1 sýnir afmörkun þess svæðis sem er áætlað er að deiliskipulagið nái til. Myndin er úr kortasjá Kópavogs, <https://www.map.is/kopavogur/>, og sýnir landnotkun skv. Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og lóðir.

4. Forsendur skipulagsáætlana

4.1. Forsendur og markmið

Nýtt deiliskipulag er gert til að bæta aðstæður fyrir íbúa sveitarfélagsins og svara þörfum samfélagsins með því að bæta samfélagslega innviði.

Helstu markmið deiliskipulagsins eru eftirfarandi:

- Að mæta aukinni þörf á plássi fyrir grunnskólabörn í Kópavogi. Áætlað er að með fyrirhugaðri stækkun skólans verði hægt að fjölga nemendum um 190 og heildarfjöldi nemenda verður 600.
- Að skilgreina byggingarreiti og setja fram skilmála um byggingarmagn, hæðir húsa og nýtingarhlutfall lóðar.
- Að viðbyggingar falli vel að núverandi byggingu Kópavogsskóla og að vandað verði til allrar hönnunar og frágangs nýs mannvirkis og lóðar.
- Að tryggja góð tengsl skólalóðar við umhverfið með fyrirkomulagi stíga og gatna fyrir vistvæna ferðamáta.
- Að mannvirkin uppfylli umhverfiskröfur Svansins. Horft verður til gæða nýs mannvirkis m.t.t. ljósvistar, hljóð- og loftgæða.
- Að endurskoða aðkomu að lóðinni og fyrirkomulag bíla- og hjólastæða á lóð.
- Við hönnun lóðar skal leitast við að mynda gróðursæl, sólrík og skjólgóð leiksvæði sem hvetja til útiveru og hreyfingar.
- Að skólalóð muni nýtast íbúum utan opnunartíma.



- Að Mannlífsásinn verði skilgreindur og útfærður sem samhangandi hjóla- og gönguleið á norður hluta deiliskipulagssvæðisins.
- Að sjálfbærar og blágrænar ofanvatnslausnir verði hafðar til hliðsjónar við hönnun mannvirkja og lóðar.

Í skipulagvinnunni verður litið til leiðbeininga SSH og Skipulagsstofnunar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli.¹

Með deiliskipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum deiliskipulagsins og komandi skipulagsvinnu.

4.2. Forsendugreiningar

Áætlað er að vinna eftirfarandi greiningar fyrir svæðið:

- Umferðargreining og umferðaröryggisrýni
- Skuggavarp húsa
- Sólarstundir
- Vindgreiningar
- Greining á rennslisleiðum og vatnasviði sem grunnur að hönnun blágrænna ofanvatnslausna

Áhersla er á að hefja þessa greiningu í byrjun skipulagsvinnu en listinn er þó ekki tæmandi og gögnum aflað eins og þurfa þykir í skipulagsferlinu.

4.3. Húsakönnun

Kveðið er á um gerð húsakönnunar vegna deiliskipulags í 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Húsakönnun fyrir Kópavogsskóla verður unnin samhliða tillögu að nýju deiliskipulagi.

4.4. Tengsl við aðrar áætlanir

Tillaga að nýju deiliskipulagi er unnin í samræmi við eftirfarandi áætlanir:

4.4.1. Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040.

4.4.2. Landsskipulagsstefna 2024-2038 og Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040.

Skipulagsverkefnið er í samræmi við stefnu lands- og Höfuðborgarsvæðisins 2040 kafla 5.1 m.a. með uppbyggingu nærþjónustu innan hverfis sem styður við 20 mínútna hverfið og þjónustu í göngufæri við íbúa. Í vinnunni verður litið til þeirra markmiða sem sett eru fram í stefnunni og stuðlað að framfylgd þeirra.

Fjallað verður um samræmi með nákvæmari hætti í deiliskipulagstillögu.

4.4.3. Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna

Í samræmi við heimsmarkmið nr. 4 um tækifæri til menntunar.

4.4.4. Aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir

Aðliggjandi er deiliskipulag miðbæjar Kópavogs reiti B1-1, B4, B2 og B1-3 til vesturs, deiliskipulags leikskóla við Skólatröð til norðurs og deiliskipulag Traðarreitar eystri til austurs.

¹ Mannlíf, byggð og bæjarrými. Leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli.



5. Umhverfisáhrif áætlana

Lagt verður mat á umhverfisáhrif deiliskipulagsins í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Lagt verður mat á eftirtalda umhverfisþætti:

- *Samfélag*, vegna áhrifa af stækkun skólans og endurskipulagi á skólalóð.
- *Skuggavarp, sól og skjól*, en greiningar á þessum þáttum verða nýttar við mótun tillögunnar.
- *Umferð*, vegna áhrifa á umferðarleiðir gangandi, hjólandi og akandi.
- *Öryggi*, þar sem horft verður á aðkomu þjónustubíla og slökkviliðs.

Gert er ráð fyrir að skólalóðin verði áfangastaður fyrir íbúa hverfisins utan opnunartíma skólans.

Endurskoðuð fornleifaskrá Kópavogs var gefin út árið 2020 af Fornleifafræðistofunni. Engar friðlýstar fornminjar eru skráðar á svæðinu.

Unnið verður áhættumat vegna loftslagsbreytinga í samræmi við leiðbeiningar í aðalskipulagi Kópavogs. Það er gert til að tryggja að skipulag og svæði geti brugðist við og staðið af sér yfirvofandi breytingar er mikilvægt að framkvæmt sé áhættumat fyrir svæði til þess að meta hvort bregðast þurfi við á skipulagsstigi.



6. Kynning og samráð

6.1. Kynning lýsingar

Deiliskipulagslýsingin verður kynnt á vefsíðu Kópavogsbæjar undir „Skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu“, hún verður auglýst í víðlesnu dagblaði og sett inn á skipulagsgátt. Umsagnaraðilar munu fá umsagnarbeðni í gegnum skipulagsgáttina. Einnig verða dreifibréf send til aðliggjandi lóðarhafa þar sem vakin er athygli á auglýsingu lýsingarinnar.

Umsagnaraðilar og aðrir hagsmunaaðilar munu geta sent inn umsögn eða athugasemd í gegnum skipulagsgáttina. Ef spurningar vakna um lýsingu er hægt að óska eftir frekari upplýsingum hjá Skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar í gegnum netfangið skipulag@kopavogur.is.

6.2. Samráðsaðilar

Helstu samráðs- og umsagnaraðilar í ferlinu eru:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.
- Menntasvið Kópavogs
- Skólastjórnendur Kópavogsskóla
- Foreldrafélag Kópavogsskóla
- Veitur
- Minjastofnun Íslands
- Náttúruverndastofnun
- Samgöngustofa
- Vegagerðin
- Grænni byggð

6.3. Tímaáætlun

Lagt er upp með eftirfarandi tímaáætlun skipulagsferlisins. Tímasetningar geta tekið breytingum í samræmi við þróun verkefnisins.

September- október 2025	Deiliskipulagslýsing samþykkt í skipulags- og umhverfisráði og bæjarstjórn til kynningar. Deiliskipulagslýsing auglýst.
Október- nóvember 2025	Úrvinnsla umsagna, athugasemda og mótun tillögu að deiliskipulagi
Nóvember- desember 2025	Tillaga að deiliskipulagi kynnt. Athugasemdafrestur 6 vikur. Opinn kynningarfundur
Desember- janúar 2025	Úrvinnsla athugasemda og áframhaldandi mótun deiliskipulagsins
Janúar 2026	Fullunnin tillaga að deiliskipulagi lögð fram til samþykktar
Janúar 2026	Samþykkt deiliskipulag send Skipulagsstofnun til samþykktar
Febrúar 2026	Gildistaka nýs deiliskipulags



7. Heimildir

Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. (2021).

<https://www.kopavogur.is/is/umhverfismal/skipulagsmal/adalskipulag>

Bjarni F. Einarsson (2020). Fornleifaskrá Kópavogs, endurskoðuð. Fornleifafræðistofan.

https://www.kopavogur.is/static/extras/files/20200512-0518_fornleifaskra-kopavogs_lok-compressed-1420.pdf0.pdf

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040. (2015). *Höfuðborgarsvæðið 2040*.

<https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=28635736881978918128px>

Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar. (2016). *Lýsing fyrir skipulagsáætlun*. Skipulagsstofnun.

<https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/1R5WzFI9Tv2YtOmSnPrOIB/b34db76255af57b88982ae85bada8909/Lysing-fyrir-skipulagsaaetlanir.pdf>